

Góðan daginn

Við fengum bréf frá Ísafjarðarbæ/Skipulagsfulltrúa varðandi nýbyggingu Sunnuholts 5 varðandi rétt okkar til að koma með athugasemdir. Við viljum bara benda á og spyrjast fyrir um nokkra hluti.

Búið var að sýna okkur fyrst að húsið kæmi í sömu línu og hin tvö húsin í lengjunni og var okkur sagt að nýja húsið myndi aðeins skyggja á Suðurtangann. Samkvæmt þeim teikningum sem við fengum til okkar með þessu bréfi frá Skipulagsfulltrúa þá sést að nýja húsið, Sunnuholt 5, muni skyggja á alla eyrina og ef ekki líka nánast allan efri bæinn.

Samkvæmt nýjum teikningum um uppdrátt lóðarinnar og húsið sjálft, þá kemur lóðin ská á hinar lóðirnar í þessari götu. Í stað þess að halda beinni línu með hinum lóðunum þá kemur lóðin nær ánni Úlfsá.

Spurningin hjá okkur í raun er hvort þessi lóðar- og húsauppdráttur sé loka uppdráttur eða hvort þetta getur eða eigi eftir að breytast eitthvað?

Svo er annað atriði sem við viljum nefna, varðandi snjómoksturinn í þessari götu þegar þetta Sunnuholt 5 hefur verið byggt. Lengi vel hefur öllum snjó sem safnast hefur upp í þessari snjóþungu götu verið ýtt og dembað niður að Úlfsá meðfram okkar húsi, hvert á að demba snjónum þegar Sunnuholt 5 hefur verið byggt?

Með þessu bréfi fylgja tvö blöð, eitt er afstöðumynd sem fylgdi bréfi Skipulagsfulltrúa til okkar og annað er ný hugmynd um staðsetningu lóðarinnar sem og hússins. Við tökum eftir því að á myndinni sem er teiknuð upp af okkur að húsið sjálft er ekki í sömu línu og hin húsin en þetta mun lækka kostnað fyrir byggjanda þar sem það er styttri vegalengd sem þarf til að tengja bílplanið við götuna.

Með fyrirfram þökkum um góð viðbrögð

Eigendur að Sunnuholti 3

Sævar Kristinn Gestsson og Ragna Arnaldsdóttir

Dagsett afhending 21.2.2022



**Afstöðumynd**  
1 : 500



**Afstöðumynd**  
1 : 500